
Starfsemi Gildis-lífeyrissjóðs 2020

Árið 2020 skilaði sjóðfélögum Gildis góðri ávöxtun þrátt fyrir krefjandi aðstæður á mörkuðum vegna Covid-19. Hrein eign sjóðsins í árslok var 764,1 milljarður króna og hækkaði um 103,1 milljarð á milli ára.

Ávöxtun 2020




Ávöxtun sjóðsins á árinu er fyrst og fremst borin uppi af erlendum og innlendum hlutabréfum og erlendum skuldabréfum. Innlend skuldabréf skiluðu einnig góðri ávöxtun á árinu, sem og flestir aðrir eignaflokkar.

Eignir

Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 757,6 milljörðum króna í árslok 2020 og hækkaði um 102,2 ma.kr. á árinu. Hrein eign séreignardeilda í árslok 2020 var 6,5 ma.kr. og hækkaði um 0,8 ma.kr. frá fyrra ári.

Eignir samtryggingardeildar skiptast þannig:



29,8%	Erlend hlutabréf
20,0%	Innlend hlutabréf
19,9%	Ríkistryggð skuldabréf
13,8%	Önnur innlend skuldabréf
8,1%	Veðskuldabréf
4,4%	Erlend skuldabréf og sjóðir
3,9%	Innlán

Vægi eigna í erlendri mynt var 37,9% í árslok 2020, samanborið við 38,2% í árslok 2019. Í nýrri fjárfestingarstefnu Gildis fyrir árið 2021 er lagt upp með að auka vægi hlutabréfa, bæði erlendra og innlendra, en draga á móti úr vægi skuldabréfa. Það er jafnframt stefna Gildis að auka vægi erlendra eigna á komandi árum með það að markmiði að auka áhættudreifingu sjóðsins.

Stjórn sjóðsins

Stefán Ólafsson (formaður), Gylfi Gíslason (varaformaður), Árni Bjarnason, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Freyja Önundardóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir, Margrét Birkisdóttir og Sverrir Sverrisson. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson.

Efnahagsreikningur		í milljónum kr.
	2020	2019
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	410.760	344.940
Skuldabréf	317.838	293.342
Bankainnstæður	30.710	17.779
Afleiðusamningar	281	0
Kröfur	4.642	5.057
Varanlegir rekstrarfjármunir	407	399
Skuldir	-505	-446
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**764.133**	**661.071**

Breytingar á hreinni eign		í milljónum kr.
	2020	2019
Iðgjöld	30.102	30.296
Lífeyrir	-19.461	-17.918
Framlag ríkisins vegna örorku	1.977	1.859
Hreinar fjárfestingartekjur	91.501	86.553
Rekstrarkostnaður	-1.056	-937
Hækkun á hreinni eign á árinu	103.062	99.853
Hrein eign frá fyrra ári	661.071	561.217
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**764.133**	**661.071**

Kennitölur samtryggingardeildar		
	2020	2019
Hrein nafnávöxtun	13,6%	15,1%
Hrein raunávöxtun	9,7%	12,1%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	5,7%	5,5%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	6,1%	5,3%
Hrein raunávöxtun (15 ára meðaltal)	2,6%	3,1%
Hrein raunávöxtun (20 ára meðaltal)	4,1%	3,6%
Tryggingafræðileg staða	+4,0%	+3,7%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	34.532	35.264
Fjöldi launagreiðenda	6.419	6.431
Fjöldi lífeyrisþega	25.667	24.550
Rekstrarkostnaður – hlutfall af iðgjöldum	3,30%	2,9%
Rekstrarkostnaður – hlutfall af eignum	0,15%	0,15%
Árlegur rekstrarkostnaður á hvern sjóðfélaga	3.653 kr.	3.370 kr.

Ársfundur 2021

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn fimmtudaginn 15. apríl klukkan 17:00. Stefnt er að því að halda fundinn á Grand Hótel Reykjavík en vegna Covid-19 eru líkur á að hann verði að hluta eða fullu rafrænn. Dagskrá fundarins og fyrirkomulag verður auglýst síðar.